



Drög að ályktun um heilbrigðismál

9. Þing Starfsgreinasambands Íslands kallar eftir þjóðarsátt um jafnt aðgengi að heilbrigðisþjónustu fyrir alla landsmenn. Framúrskarandi heilbrigðisþjónusta óháð búsetu, aldri eða efnahag eru sjálfsögð mannréttindi.

Stjórnvöld hafa lengi talað fyrir hagræðingu í heilbrigðiskerfinu en þar hafa hljóð og mynd ekki farið saman. Hagræðingartillögur stjórnvalda hafa miðast að því að draga úr útgjöldum ríkissjóðs við almenna heilbrigðisþjónustu á kostnað almennings í landinu.

Afleiðingarnar liggja ekki síst fyrir á landsbyggðinni þar sem dregið hefur verið markvisst úr sérfræðiþjónustu og skurðstofum sem og fæðingardeildum lokað. Við bætist viðvarandi læknaskortur. Á sama tíma hefur sjúklingum verið gert að ferðast, oft um langan veg eftir þjónustu við misjafnar aðstæður, svo ekki sé talað um útgjöld og önnur óþægindi sem því fylgja að hafa takmarkað aðgengi að heilbrigðisþjónustu í nærsamfélaginu. Það sama á við um aðstandendur. Hagræðing og aukin samþjöppun heilbrigðisþjónustu á landsbyggðinni má ekki felast í því að kostnaður sé færður yfir á sjúklinga. Það er smánarblettur á íslenska velferðarkerfinu að fleiri skuli þurfa að neita sér um heilbrigðisþjónustu hér á landi vegna kostnaðar, en gerist og gengur á hinum Norðurlöndunum.

Að mati SGS kemur ekkert annað til greina en að bæta úr þessari stöðu, enda markmið laga um heilbrigðisþjónustu að allir landsmenn eigi kost á fullkomnustu þjónustu sem á hverjum tíma eru tök á að veita til verndar andlegu, líkamlegu og félagslegu heilbrigði. Á sama tíma og heilbrigðiskerfið er vanfjármagnað stendur þjóðin frammi fyrir stórum áskorunum í heilbrigðismálum. Lífaldur lengist, lýðheilsuvandamál breytast, vaxandi þörf er á öflugri geðheilbrigðisþjónustu og forvörnum og breytt samsetning íbúa með fjölgun innflytjenda kallar á nýja nálgun í þjónustu.

9. Þing Starfsgreinasambands Íslands skorar á stjórnvöld að fylgja eftir markmiðum laga um heilbrigðisþjónustu með því að bæta þegar í stað aðgengi **ALLRA** þegna landsins að viðunandi heilbrigðisþjónustu og tryggja þannig jafnan aðgang að heilsugæslu, sérfræðingum og nauðsynlegum lyfjum í heimabyggð. Því samhliða verði greiðsluþáttökukerfið er varðar vinnutap, ferða- og dvalarkostnað sjúklinga endurskoðað í takt við útgjöld þeirra á hverjum tíma. SGS lýsir sig reiðubúið til að koma að þeirri vinnu með stjórnvöldum enda um mikið hagsmunamál að ræða, ekki síst fyrir félagsmenn í hinum dreifðu byggðum landsins.